Fjármálavit

VINNUBLAÐ · BÍLL

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Kaupa bíl**

Persónan þín er **18 ára** og er við nám í framhaldsskóla sem hún klárar eftir eitt og hálft ár. Hún vinnur með skólanum og væri alveg til í að eiga bíl til að komast á milli staða. Hún fær **100.000 kr.** í laun á mánuði eftir skatt og inn á sparnaðarreikningi á hún **600.000 kr.** sem hún ætlar að nota í bílakaupin. Bíllinn sem hún hefur skoðað kostar **1.400.000 kr.** og hún getur annað hvort tekið lán fyrir þeim **800.000 kr.** sem vantar upp á og keypt bílinn strax, eða verið þolinmóð og safnað fyrir því sem vantar upp á.

Verkefnið ykkar er að skoða tvo eftirfarandi kosti og ræða. Notið reiknivélar á vefjum bankanna (lán og sparnaður) eða á vef Fjármálavits. **Það er engin ein rétt lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að ræða niðurstöður.**

Nafn: _____

1 Óverðtryggt lán, 800.000 kr.

Lánstími **3 ár** · Vextir **um 12%**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „lán, verðtryggt/óverðtryggt“.

Skoðið eftirfarandi og ræðið.

Heildarupphæð til greiðslu

Heildarlántökukostnað

Meðalgreiðslu á mánuði

ÁHK* (árleg hlutfallstala kostnaðar)

Mánaðargreiðslu af láninu að meðaltali

2 Mánaðarlegur sparnaður

Vextir **um 8%**

Sjá t.d. reiknivél: „framtíðarvirði upphæðar“.

Hún leggur mánaðarlega inn á sparnaðarreikning jafn mikið og hún myndi greiða mánaðarlega af láninu í lið 1. Hún á þegar 600.000 kr. á þeim reikningi.

Skoðið og ræðið eftirfarandi:

Hvað tæki það hana langan tíma að ná upp í 1.400.000 kr.?

Hver er heildarávöxtunin á tímabilinu?

Berið saman heildarkostnaðinn við að taka lánið og ávöxtunina við að spara og ræðið hvað þið mynduð gera.

* *ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · SÍMI

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Nýr sími á 179.990 kr. eða á 194.990 kr.**

Einstaklingurinn þinn er **17 ára** og stundar nám í menntaskóla. Hann á gamlan síma og langar að kaupa sér nýjan. Hann er búinn að velta fyrir sér símategundum og er kominn með tvo sem honum líst best á. Hann á hins vegar ekki fyrir símanum og skoðar nú möguleika á að skipta greiðslunum.

	1 Sími A kostar 179.990 kr.		**2 Sími B** kostar 194.990 kr.	
	a. 18 mánuðir	**b. 24 mánuðir**	**a. 18 mánuðir**	**b. 24 mánuðir**
Heildargreiðsla	198.270 kr.	194.760 kr.	216.270 kr.	223.560 kr.
ÁHK*	14,79%	14,27%	14,22%	14,35%
Mánaðarleg greiðsla	10.190 kr.	7.790 kr.	11.690 kr.	8.990 kr.
Kostnaður	28.370 kr.	24.770 kr.	21.280 kr.	28.570 kr.

Nafn: _____

1 Hvaða tilboð ber hæstan hlutfallslegan kostnað á ári?

2 Hvaða tilboð myndir þú taka?

3 Af hverju?

** ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · BÍLL

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Kaupa bíl á 1.000.000 kr.**

Á sparnaðarreikningi eru **400.000 kr.** og það vantar **600.000 kr.**. Notið almenna reiknivél fyrir lán til að skoða kostnaðinn við það að taka óverðtryggt lán í banka til þriggja ára fyrir því sem upp á vantar til að geta fengið bílinn strax.

Nafn: _____

1 Lán

Upphæð láns **600.000 kr.** · Jafnar afborganir

Lánstími **3 ár (36 mánuðir)** · Vextir **um 12%**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „lán, verðtryggt/óverðtryggt“.

1 Hver verður afborgun á mánuði?

2 Hver verður heildar upphæð til greiðslu?

3 Hversu há er ÁHK*?

2 Sparnaður

Vextir **um 8%** · Sparnaðartími **3 ár (36 mánuðir)**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „reglulegur sparnaður“.

Ef hún safnar fyrir bílnum og sparar jafn mikið á mánuði og hún myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað verður það orðin há upphæð eftir 3 ár?

4 Hvað mynduð þið gera í hennar sporum? Ræðið.

Það er engin ein lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að skoða kostnað við lántöku, bera það saman við ávöxtun af sparnaði og ræða.

** ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · HEIMSREISA

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Heimsreisa**

Hann á **200.000 kr.** og vantar **1.000.000 kr.**

Nafn: _____

A Taka lán

Vill fara strax og taka lán upp á eina milljón fyrir ferðinni. Hvað þarf hann að greiða af láninu á mánuði í tvö ár og hver er heildarupphæðin sem hann greiðir til baka?

Notaðu lánareiknivél.

Upphæð láns **1.000.000 kr.** · Lánstími **2 ár (24 mán.)**

Óverðtryggt lán · Jafnar afborganir · Vextir **um 12%**

1 Hver verður afborgun á mánuði?

2 Hver verður heildar upphæð til greiðslu?

3 Hversu há er ÁHK*?

B Spara

Hann ætlar að vinna og eiga fyrir heimsreisunni. Ef hann safnar og sparar jafn mikið á mánuði og hann myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað er hann lengi að safna því sem upp á vantar (1.000.000 kr.)? Mundu að hann á 200.000 kr.

Notaðu sparnaðarreikni.

Vextir **um 8%**

4 Hvað mynduð þið gera í hans sporum?

5 Af hverju? Ræðið.

** ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*